

**Áhersluþættir í Melaskóla**

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýninn hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins. Að taka þátt í að skapa, greina og njóta listar stuðlar að því að nemendur þjálfast í að upplifa list jafnframt því að þróa með sér samkennd, umburðarlyndi og gagnrýninn skilning á heiminum. Með markvissri myndmennt er hægt að viðhalda og þróa þann hæfileika sem börn nota frá unga aldri, að segja sögu myndrænt. Myndmennt er í eðli sínu skapandi námsferli. Mikilvægt ferli þar sem nemendur finna innri rödd, mynda tengingar, og þróa leikni í ólíkum nálgunum, s.s. í teikningu, málun, mótun, þrykki, klippiaðferð og skjámiðlum.

**Stefna skólans í myndmennt er**

- að efla færni í myndrænni tjáningu
- að gefa nemendum tækifæri til að kynnast ólíkum miðlum
- að auka skilning nemenda á mikilvægi sjónlista
- að efla skapandi hugsun nemenda

<b>Hæfniviðmið í sjónlistum / myndmennt við lok 4. bekkjar:</b> <b>Nemendur geti</b>	<i>1. bekkur</i>  <i>Nemandi</i>	<i>2. bekkur</i>  <i>Nemandi</i>	<i>3. bekkur</i>  <i>Nemandi</i>	<i>4. bekkur</i>  <i>Nemandi</i>
---	--	--	--	--

<p>-nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar,</p> <p>-tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt,</p> <p>-skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum,</p> <p>-útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki,</p> <p>-unnið út frá kveikju við eigin listsköpun,</p> <p>-þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,</p> <p>-fjallað um eigin verk og annarra,</p> <p>-þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,</p>	<p>-teiknar sjálfsmynd af líkamanum með túss og vatnslitum.</p> <p>-teiknar fisk og mótar úr leir.</p> <p>-lærir um frumlitina þrjá og gerir sexlitahring með þekjulitum.</p> <p>-lærir um grunnformin og gerir klippimynd.</p> <p>-teiknar mynd á glæru. Myndin stækkuð upp í myndvarpa og nemandi segir frá sinni mynd.</p> <p>-málar vatnslitamynd eftir upplestri á ævintýri Muggs um Dimmalimm.</p> <p>-teiknar og málar samvinnu mynd um Pétur og úlfinn – samþætt við tónmennt og íslensku.</p> <p>-Skoðar og ræðir um myndlist. Kynnist völdum verkum Matisse, Monet og Ásgríms Jónssonar.</p>	<p>-vinni myndræna frásögn úr nánasta umhverfi . T.d. farið á Ægisíðuna og teiknuð mynd af hvönn með vatnsuppleysanlegum neoncolor litum. Samvinnuverkefni með umsjónarkennara.</p> <p>-skynji áferðir með snerti- og sjónskyni. Þekki hugtakið og geti beitt mismunandi áferð í mynd. Áferðum safnað innan skóla og á skólalóð.</p> <p>-móti fugl úr leir. Fugl skoðaður , teiknaður, litaður og þá fyrst mótaður úr leir og glerjaður.</p> <p>þrykki páskaunga. Unginn teiknaður á kontaktpappír , klipptur út og þrykktur á léreftsdúk.</p> <p>-vinni myndverk með heitum og köldum litum. Notaðir vatnslitir og karton.</p> <p>-kynnist íslenskum listamanni (Nína Tryggvadóttir) í gegnum sögu hennar „Kötturinn sem hvarf“ og býr til klippimynd.</p>	<p>-móti húsdýr í leir. Þau skoða, teikna , leira og glerja dýrið sitt. Samvinnuverkefni með umsjónarkennara, tæknimenntakennara og bókasafnsfræðingi.</p> <p>-teikni módelmynd. Þau fara í myndastyttuleik og teikna hvort annað. Mála með þekjulitum.</p> <p>-skoði snjóhorn, teikni, liti með trélitum (köldum litum), klippa út og lími á svart karton.</p> <p>-fari út á skólalóð og teikni reiðhjól. Blýantsteikning.</p> <p>-geri mót úr kartoni eftir skoðun á verkum Eschers. Mótið notað til munsturgerðar og litað með trélitum.</p>	<p>-kynnist Barböru Árnason öðrum listamanni skólans. Þau teikna litla mynd eftir stóru veggmalverki hennar „Börn að leik“ sem prýðir skála skólans. Myndin er stækkuð upp í myndvarpa og máluð með þekjulitum.</p> <p>-mótar hús úr leir eftir að hafa kynnst húsagerð frá mismunandi tímum.</p> <p>-fer á listasafn Ásmundar Sveinssonar sem er einnig listamaður skólans. Safnkennari tekur á móti okkur og leiðir um safnið.</p> <p>-ef veður leyfir er farið niður á Ægisíðu þar sem börnin teikna mynd af höggmyndinni „Björgun“ eftir Ásmund Sveinsson.</p> <p>-gerir pappírshat þar sem áhersla er lögð á munstur. Þau skoða vasa frá fornöld, síðan teikna þau vasa á kraftpappír og lita með olíuvaxlitum. Krumpa myndina og mála yfir með svörtu bleki. Myndin þvegin undir vatnsbunu og lögð til þerris.</p>
---	--	---	---	--

<p>-greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,</p> <p>-greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans,</p> <p>-skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar.</p>				
<p><b>Námsefni</b></p>	<p><i>Námsgagnastofnun:</i>  <i>Myndmennt 1</i>  <i>Myndmennt 2</i>  <i>Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>	<p><i>Námsgagnastofnun:</i>  <i>Myndmennt 1</i>  <i>Myndmennt 2</i>  <i>Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>	<p><i>Námsgagnastofnun:</i>  <i>Myndmennt 1</i>  <i>Myndmennt 2</i>  <i>Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>	<p><i>Námsgagnastofnun:</i>  <i>Myndmennt 1</i>  <i>Myndmennt 2</i>  <i>Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>
<p><b>Námsmat</b></p>	<p><i>Símat og einkunn í lok annar.</i></p>	<p><i>Símat og einkunn í lok annar.</i></p>	<p><i>Símat og einkunn í lok annar.</i></p>	<p><i>Símat og einkunn í lok annar.</i></p>

## Áhersluþættir í Melaskóla

Hæfniviðmið í sjónlistum /myndmennt við lok 7. bekkjar getur nemandi:	5. bekkur <i>Nemandi</i>	6. bekkur <i>Nemandi</i>	7. bekkur <i>Nemandi</i>
<p>-notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,</p> <p>-nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,</p> <p>-tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,</p> <p>-unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví-og þrívíð verk,</p> <p>-byggt eigin listsköpun á</p>	<p><i>-skoðar tröllamyndir eftir ýmsa listamenn t.d. Ásgrím Jónsson. Búa til tröllamynd með klessulitum.</i></p> <p><i>-teiknar skóna sína frá þremur sjónarhornum. Hann teiknar útlínur og allar línur og smáatriði sem hann sér á skónum</i></p> <p><i>-fræðist um hellamálverk sem eru að minnsta kosti 40.000 ára gömul. Teiknar með bleki eða tússi og litar með þurrkrít á mjúkan pappír.</i></p>	<p>-skoðar sjálfsmyndir ólíkra listamanna. Gerir sjálfsmynd sína með pastelkrít.</p> <p>-lærir grunnþætti fjarviddarteikningar. Hann teiknar út frá einum hvarfpunkti.</p> <p>-fer á Kjarvalsstaði og fræðist um líf og list Kjarvals.</p> <p>-gerir kartonþrykk. Kartonþrykk er þrykk af spjöldum sem gerð eru upphleypt á einhvern hátt.</p>	<p>-lærir að teikna líkamann í réttum hlutföllum, teiknar andlit, líkmann og módel þar sem hann teiknar bekkjarsystkin sín.</p> <p>-kynnist listamönnunum Picasso (kúbisma), Salvador Dalí (súrrealisma), Svavari Guðnasyni (abstrakt), Andy Warhol og Erró (popplis). Vinni verk í anda þessara listamanna.</p> <p>-geri grafíkmynd. Hann sker mynd í línóleumgólfdúk með sérstökum útskurðarhnífum og þrykkir nokkrar myndir á pappír.</p>

<p>hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,</p> <p>-beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,</p> <p>-fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við nemendur,</p> <p>-gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð,</p> <p>-greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka,</p> <p>-greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,</p> <p>-gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.</p>	<p><i>-fer á Þjóðminjasafn og kynnist víkingatímabilinu. Lærir að teikna víkingamunstur með því að spegla. Notar svarta tússpenna og málmliða trélti.</i></p> <p>-</p>		<p>-fer á Listasafn Reykjavíkur og fræðist um líf og list Errós.</p>
--	--	--	--

<p><b>Námsefni</b></p> <p><i>Námsgagnastofnun: Myndmennt 1 Myndmennt 2 Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>	<p><i>Námsgagnastofnun: Myndmennt 1 Myndmennt 2 Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>	<p><i>Námsgagnastofnun: Myndmennt 1 Myndmennt 2 Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>	<p><i>Námsgagnastofnun: Myndmennt 1 Myndmennt 2 Listasaga –Frá Hellalist til 1900</i></p> <p><i>Ýmsar handbækur og vefir um listir, menningu og náttúru.</i></p>
<p><b>Námsmat</b></p> <p>Símat og einkunn í lok annar.</p>	<p>Símat og einkunn í lok annar.</p>	<p>Símat og einkunn í lok annar.</p>	<p>Símat og einkunn í lok annar.</p>

**Skólanámskrá**

**Sjónlistir / myndmennt – miðstig**

**Melaskóli**